	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15/9 2015
Málsnr:	1204087
Bréfal:	032-1



Hafnarfjarðarkaupstaður
b.t. Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 HAFNARFIRÐI

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsögðu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 16. september 2015
Tilv.: IRR15030230/18.14.3

Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Þann 31. desember 2014 rann út gildistími viðauka við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins sem var undirritað 13. maí 2011. Viðaukinn náði jafnframt til samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011. Unnið er að framlengingu á gildistíma viðaukans sem næði út árið 2015.

Á grundvelli fjárlaga ársins 2015 veitir ríkissjóður 520 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu framlaga á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 23/2013 um framlög úr Jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins. Greiðslur hafa því borist reglulega til sveitarfélaga á árinu. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að standa áfram tímabundið straum af verkefnum frá ríkinu sem nema 230 m.kr. á árinu.

Með setningu laga nr. 72/2015 um breytingu á ýmsum lögum vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga veitt heimild til að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags, í þeim verkefnum sem tilheyra tímabundinni breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, með því að draga hlutdeild hvers sveitarfélags á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2015 frá greiðslum á framlögum sjóðsins. Með setningu laganna var jafnframt aflað lagaheimildar til að veita 30 m.kr. til lausnar á bráðavanda tónlistarskóla í stað þeirrar greiðslu sem rann áður í Varasjóð húsnæðismála.

Á árinu 2015 er því um eftirfarandi verkefni að ræða. Tekið er mið af íbúafjölda sveitarfélagsins 1. janúar 2015 sem var 27.875.

- Námsgagnasjóður, 54,0 m.kr.
- Vistheimilið Bjarg, 63,3 m.kr.
- Bráðavandi tónlistarskóla 30,0 m.kr.
- Sumardvalarheimilið í Reykjadal, 29,2
- Tölvumiðstöð fatlaðra, 8,9 m.kr.
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla, 44,6 m.kr.

Innheimtan, sem fram fer á tímabilinu september - desember, nemur samtals 19.481.161 kr.


og mun fara fram af framlögum til sveitarfélagsins vegna almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla sem hér segir:

- Í lok september vegna Námsgagnasjóðs 4.573.838 kr.
- Í lok október vegna Vistheimilisins Bjargs 5.361.554 kr.
- Í lok nóvember vegna Bráðavanda tónlistarskóla 2.541.021 kr.
- Í lok nóvember vegna Sumardvalarheimilis í Reykjadal 2.473.260 kr.
- Í lok desember vegna Tölvumiðstöðvar fatlaðra 753.836 kr.
- Í lok desember vegna Endurmenntunarsjóðs grunnskóla 3.777.651 kr.

Til nánari upplýsinga fyrir sveitarfélög er sérstakt svæði á vefsíðu sjóðsins: jofnunarjodur.is, undir *Styttu þér leið/ Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga* þar sem fram munu koma upplýsingar um framangreinda innheimtu af tilgreindu framlagi sjóðsins til sveitarfélagsins í viðkomandi mánuði á árinu 2015.

Fyrir hönd ráðherra


Elín Pálsdóttir


Elín Gunnarsdóttir